

Tölum um fatnað og fylgihluti (þolfall)

A. Einfaldar setningar

fullyrðing eða spurning

- Ég á ...
- Átt þú ...?

- Ég þarf ...
- Þarft þú ...?



neitunarsetning

- Ég á **ekki** ...
- Hann/Hún á **ekki** ...

- Ég þarf **ekki** ...
- Hann/Hún þarf **ekki** ...

B. Ópersónulegu sagnirnar *að langa og að vanta*

fullyrðing eða spurning

- Mig langar í ...
- Langar þig í ...?

- Mig vantar ...
- Vantar þig ...?



neitunarsetning


- Mig langar **ekki** í ...
- Hann/Hana langar **ekki** í ...

- Mig vantar **ekki** ...
- Hann/Hana vantar **ekki** ...

Prufaðu
að bæta
lýsingar-
orðum
við 😊

C. Ég set á mig (fylgihluti og fatnað)

- Ég set á mig ...
- Ég set í mig ... /... í hárið)



D. Ég tek með mér fylgi-/aukahluti: síma, tösku, regnhlíf

• Ég tek **með** mér...

• Ég ætla að taka **með** mér...




• Ég tek **ekki með** mér...

• Ég ætla **ekki** að taka **með** mér...



E. Ég er með fylgihluti og fatnað: húfu, ilmvatn, og síma

• Ég er með ...



• Ég er **ekki** með ...



F. Ég fer í föt

• Ég fer í ...

• Ég klæði mig í ...



• Ég ætla að fara í ... (á morgun / á eftir / áður en ég fer út / í veisluna)

Prufaðu
að bæta
lýsingar-
orðum
við 😊

G. Sagnir í þátíð með fötum og fylgihlutum

• Ég fór í ... (í morgun / áðan / áður en ég fór út / í veisluna)

• Ég klæddi mig í ... (í morgun / áðan / áður en ég fór út / fyrir veisluna)

• Ég setti á mig ... (í morgun / áðan / áður en ég fór út / fyrir veisluna)

• Ég tók **með** mér ... (í morgun / áðan / áður en ég fór út / fyrir veisluna)

• Ég keypti ... (í Kringlunni, í Smáralind, á Glerártorgi, á Netinu)

• Ég pantaði ... (á Netinu)

